

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2014, fimmtudagurinn 13. nóvember, var haldinn 128. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Frístundamiðstöðinni Frostaskjól og hófst kl. 12.05. Viðstaddir voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Börkur Gunnarsson, Marta Guðjónsdóttir Bjarni Þór Sigurðsson, Hulda Gísladóttir og Reynir Guðmundsson. Viðstödd voru einnig: Sigprúður Erla Arnadóttir framkvæmdarstjóri í Vesturgarði og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði, sem jafnframt ritaði fundargerðina. Gestir fundarins voru: Guðrún Kaldal og Aron Ásbjarnarson frá Frostaskjól, Guðmundur Björnsson frá Skátafélaginu Ægisbúum og Ívar Pálsson frá Prýðisfélaginu Skyldi.

Petta gerðist:

1. Kynning á starfsemi Frostaskjóls: Guðrún Kaldal fór yfir starfsemi Frostaskjóls, en Frostaskjól er Frístundamiðstöð í Vesturbænum. Frostaskjól sinnir frítímastarfi barna og ungmenna, en þetta er starf sem börnin sækja á eigin forsendum. Guðrún minntist á að frjáls leikur væri mjög mikilvægur og hvatti Hverfisráðið til að standa vörð um það starf. Nokkrar umræður voru og var almenn ánægja um það hversu mikilvægt starf frístundamiðstöðva er.

Bókun Hverfisráðs:

Hverfisráð þakkar Guðrúnu skilmerkilega kynningu á starfsemi Frostaskjóls. Hverfisráð Vesturbæjar lýsir yfir áhuga á því að efla sé starfsemi í forvarnarskyni gagnvart ungmennum sem eru í hættu að verða utanveltu að loknu grunnskólanámi.

2. Erindi frá Guðmundi Björnssyni frá Ægisbúum um kynningu á frístundastarfi í Vesturbænum: Guðmundur fór yfir það að erfitt væri að kynna starf skátanna í hverfinu, en fyrir um ári síðan var lokað fyrir kynningu í skólum hverfisins. Skátarnir höfðu haft aðgengi að grunnskólunum á haustin til að kynna sitt starf, en nú hafa þeir ekki möguleika á því eins og staðan er í dag. Áhugi er fyrir því að vera með dag sem snýr að því að kynna frístundastarf í Vesturbænum.

Bókun Hverfisráðs:

Hverfisráð Vesturbæjar beinir því til verkefnastjóra félagsauðs og frístunda Vesturgarðs að bjóða skátafélaginu Ægisbúum að þeim vettvangi þar sem tækifæri eru til og að opnað sé á umræðu um frístundabasar næstkomandi haust.

3. Opinn íbúafundur um málefni hverfisins: Stefnt er að íbúafundi í janúar á vegum Hverfisráðsins.
4. Ósk um styrk til Hverfisráðs vegna Þrettándans: Lögð var fram ósk um styrk að upphæð 120.000 kr. frá foreldrafélagunum grunnskólanna í Vesturbæ: Hverfisráð samþykkir að veita styrk að upphæð kr 100.000 til þrettándahátíðar.
5. Fyrirspurn um framtíð fluggarða í Vatnsmýri og fyrirspurn um uppbyggingu við Þoragarða: Svar barst frá Hrólfi Jónssyni í tölvupósti. Ýmsar umræður voru vegna þessa mála frá nefndarmönnum.

Bókun frá fulltrúum Sjálfstæðismanna:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks þakka fyrir svarið en benda á að greinilegt er að hið umdeilda hverfisskipulag Vesturbæjar sem stungið var undir stól í kosningunum í vor hefur verið dregið fram að nýju þar sem vinna er í gangi á vegum borgarinnar sem byggir á því. Bókun frá framsóknarmönnum og flugvallarvinum: Það er jákvætt að Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri eigna- og atvinnuþróunnar gefi út þau svör að það sé ekki á þjónunum að úthýsa starfsemi Fluggarða á næstunni þó engin dagsetning liggja fyrir hvenær það verður. Mótmælt er því sem Hrólfur heldur fram í svari sínu að ekki sé hefðaréttur á flugskýlunum í Fluggörðum en lögfræðialit hefur verið gert fyrir hagsmunafélag byggingareigenda á svæðinu. Í því áliti kemur fram að hefðaréttur eigi við langflest flugskýlin í Fluggörðum. Það er einkennilegt að halda fram að á Fluggarðasvæðinu fari fram eða hafi farið fram starfsemi sem er ekki flugtengd. Það var vandamál á árum áður á flugvallarsvæðinu í heild sinni en var

leyst með Skipulagsreglum Reykjavíkflugvallar árið 2009 sem þáverandi innanríkisráðherra skrifaði undir.

Framsókn og flugvallarvinir hvetja til þess að Reykjavíkurborg hafi hagsmunaraðila með í ráðum í framhaldi.

Kl. 13.35 yfirgefa Guðmundur og Guðrún Kaldal fund

6. Umræða um málefni Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýri að beiðni fulltrúa Sjálfstæðisflokks: Umræða var um ofangreint málefni.

Tillaga frá Framsóknarmönnum og flugvallarvinum ásamt Sjálfstæðismönnum:

Framsókn og flugvallarvinir og Sjálfstæðisflokkurinn leggja til við borgarráð Reykjavíkurborgar að deiliskipulag Reykjavíkflugvallar verði tekið upp á grundvelli nýrra upplýsinga frá forstjóra ISAVIA sem komu fram á fundi umhverfis og samgöngunefndar Alþingis þann 5. nóvember s.l. Á þeim fundi kom fram að það sé verið að vinna nýja skýrslu um nýtingarhlutfall Reykjavíkflugvallar innan ISAVIA sem átti að verða tilbúið innan 7 til 10 daga frá fundinum.

Kosið um tillöguna: Tillagan var felld með þremur atkvæðum meirihluta gegn tveimur atkvæðum Sjálfstæðismanna.

Bókun Framsóknarmanna og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir harma að meirihluti Hverfisráðs Vesturbæjar hafi hafnað tillögu um að leggja fyrir borgarráð Reykjavíkurborgar að taka upp deiliskipulag Reykjavíkflugvallar á grundvelli nýrra upplýsinga frá forstjóra ISAVIA á fundi umhverfis og samgöngunefndar Alþingis þann 5. nóvember 2014. Á þeim fundi kom fram að það sé verið að vinna nýja skýrslu um nýtingarhlutfall innan ISAVIA sem átti að verða tilbúið innan 7 til 10 daga frá fundinum. Einnig er ítrekað að byggð á Hlíðarenda verði endurskipulögð þannig að byggingarmagn haldi sér og að norðaustur/suðvestur flugbraut Reykjavíkflugvallar haldist opin.

Bókun frá fulltrúum Sjálfstæðismanna:

Meirihlutinn í borginni ætlar að keyra í gegn skipulagið við Hlíðarenda sem leggur af Neyðarbrautina þrátt fyrir að 70 þúsund einstaklingar hafa skrifað undir áskorun til borgarinnar um að flugvöllurinn geti áfram gegnt sínu mikilvæga hlutverki í Vatnsmýrinni. Meirihlutinn hefur engan áhuga á að hlusta á raddir borgarbúa þrátt fyrir fögur fyrirheit í samstarfssáttmála sínum um aukið samráð og íbúalýðræði og þrátt fyrir að stofnað hafi verið sérstakt lýðræðis- og stjórnkerfisráð í borginni með ærnum tilkostnaði sem á að hafa þann tilgang að opna stjórnarsýsluna og auka aðkomu borgarbúa að ákvarðanatöku í mikilvægum málum. Þetta nýja ráð hefur ekki enn séð ástæðu til þess að ræða hvernig skuli komið til móts við vilja þeirra 70 þúsund einstaklinga sem skrifuðu undir mótmæli við að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni. Hér er um að ræða eina stærstu og víðamestu undarskriftasöfnun í sögu þjóðarinnar og því verður það að teljast undarlegt að ráðið láti sig ekki þetta mál varða. Með samkomulagi Reykjavíkurborgar, Innanríkisráðuneytisins og Icelandair var gerð þverpólítísk sátt um að setja á laggirnar nefnd sem hefur það verkefni að finna framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar. Nefndin hefur nýlega greint frá þeim fimm mögulegu flugvallarstæðum sem hún hefur nú til skoðunar og er Vatnsmýrin eitt af þeim. Rögnunefndin, eins og hún hefur verið kölluð, er enn að störfum og hefur formaður hennar óskað eftir svigrúmi til að klára vinnuna. Nýverið sagði Innanríkisráðherra varðandi deiliskipulag Hlíðarenda og áhrif þess á Reykjavíkflugvöll eftirfarandi: „Reykjavíkurborg og ríki voru sammála um að taka ekki stefnumótandi ákvarðanir er varða þetta mál fyrr en Rögnunefndin hefur lokið störfum“. Icelandair gerir athugasemd við deiliskipulag Hlíðarenda og telur „óviðunandi að afkastageta og áreiðanleiki núverandi flugvallarstæðis verði skert með óafturkræfum hætti“ á meðan verið er að vinna að staðarvali fyrir innanlandsflugið. Það er því ljóst að þrír af fjórum fulltrúum í Rögnunefndinni telja að bíða verði þar til niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Einungis einn nefndarmanna, Dagur B. Eggertsson, skilur samkomulagið með öðrum hætti og ætlar að hraða uppbyggingu á Hlíðarendasvæðinu sem augljóslega skerðir möguleika Rögnunefndarinnar til að komast að niðurstöðu í flugvallarmálinu. Með þeirri

ákvörðun sinni rífur hann þá þverpólistísku sátt sem ríkt hefur um störf Rögnunefndarinnar.

Meirihluti Hverfisráðsins bókaði eftirfarandi:

Meirihluti Samfylkingar og Bjartrar framtíðar í hverfisráði Vesturbæjar styðja heils hugar þá stefnumörkun sem fram kemur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Samþykkt deiliskipulags við Hlíðarenda og lokun NA-SV brautarinnar opnar tækifæri til uppbyggingar austan Skerjafjarðar. Aukin íbúabyggð nærri Skerjafirði styrkir þá byggð sem fyrir er og skýtur frekari stöðum undir þjónustugrundvöll hverfishlutans sem íðulega er kallað eftir. Ekki liggur þó fyrir nein frekari hönnun þeirrar byggðar og bíður það verkefni skipulagsyfirvalda. Í gildi er samkomulag ríkis, borgar og Icelandair group frá 25.10.2013 um lokun NA-SV brautarinnar, samþykktar deiliskipulags við Hlíðarenda og umbætur á annarri flugaðstöðu og unnið er í samræmi við það. Öll frávik frá þeim áætlunum sem unnið er eftir í þessu máli væru eingöngu til þess fallin að draga úr trúverðugleika áætlanagerðar og samninga sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt að vinna eftir. Leitt er að umræðan um skipulag flugvallarsvæðisins hefur haft í för með sér að hafin er aðför að sjálfræði Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum sem hafin er á ábyrgð Framsóknarflokksins.

7. Erindi frá Prýðisfélaginu Skyldi þar sem verið var að óska eftir fjárstyrk til Hverfisráðs vegna ýmissa mála: Málinu frestað til næsta fundar.
8. Hringtorg á Suðurgötu við Þorragötu, erindi frá Prýðisfélaginu Skyldi: Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 14.10

Sverrir Bollason

Teitur Atlason
Marta Guðjónsdóttir
Hulda Gísladóttir

Börkur Gunnarsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Reynir Guðmundsson